

2. fundur æskulýðsnefndar LH 2024-2026

11. febrúar 2025 kl. 12:15

Fjarfundur

Mætt: Dagbjört - Linda - Stefán - Jón Þorberg - Þórhildur - Sigurbjörn

Forföll boðuðu:

Mættu ekki: Ellen - Ástríður - Rakel

Fundargerð ritar: Linda

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.

2. Fundartími nefndarinnar:

Rætt um hentuga fundartíma.

Flestum líst best á hádegisfundi en ákveðið að hafa hádegisfund 2 hvern þriðjudag og kvöld fund 4 hvern þriðjudag.

3. Starfsreglur æskulýðsnefndar LH

Nefndarmenn þurfa að kynna sér:

Síðareglur LH

Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu / Æskulýðsvettvangsins

Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs

Minnt á skil á undirritun á upplýsingaöflun fyrir sakavottorð.

Sniðugt að miðla þessum efnum til félaganna og mælt með að hafa link um þetta inn á LH.

4. Fundarferð Æskulýðsnefndar LH með æskulýðsfulltrúum aðildarfélaga

Ákveðnar dagsetningar funda og tímar:

4 - 6 - 11 - 13 - 18 mars eru fundartímar sem stungið er upp á - Dagbjört sendir fundarboð á nefndina þannig að við getum bókað okkur á þessa fundi og sjáum þá strax hverjir komast og hverjir ekki.

· **Skipting aðildarfélagana niður á fundartíma** - Talað um 8 félög saman og svo reyna sem flestir af nefndarmönnum að koma á fundina.

· **Ákveðið dagskrá/skipulag** - búa til glærukynningu

· **Ákveðin málefni fundanna:**

-Fara yfir FIF young camp- ekki fara of djúpt í það, bara segja frá því

- fræðsla sem gott væri að félög myndi bjóða upp á

- segja frá því að LH er til staðar fyrir félögin, hvernig þau vilji sjá aðkomu nefndarinnar að starfi félaganna.

- spjal um hvað þau eru að gera, áskoranir sem þau standa frammi fyrir.

- Blanda félögum saman litlu og stóru þannig að það sé góð umræða og kannski hugmyndir sem koma fram hjá virkari félögum til þeirra minni

- Vera búin að búa til skapalón fyrir Æskulýðsskýrslur - hvað viljum við að komi fram í skýrslum og setja betur niður eftir hverju við nefndin förum við val á bikarhafa. Kynna þetta skapalón á fundunum og ýta betur á að félögin skrifi skýrslur og skili þeim inn.

- Væri frábært að spá í því að félög fái stig fyrir að vera með námskeið eins og skyndihjálpi - verndari barna... að það sé hvati að það sé lagður metnaður í þjálfun kennara og annarra starfsmanna sem koma að námskeiðshaldi og starfi með börnum í félögunum.

6. Handbók æskulýðsfélaga - Umræða um hvort það sé þörf á henni þar sem allar skýrslur æskulýðsnefnda eru á netinu og hægt að fá upplýsingar og hugmyndir þar? - fólki finnst þörf á því og gott að setja inn í handbók hugmyndir að starfi og upptökum sem við tökum saman úr æskulýðs skýrslum og höldum að nýtist félögum. Eins að bæta inn í þessa handbók hugmyndum og ábendingum frá félögum eftir fundarherferðina okkar. Fólki myndi frekar lesa þessa handbók heldur en fara að lesa í gegnum margar skýrslur.

7. FEIF-þing: Sagt frá tillögu Sif um að minnsta kosti helmingur nefndarmanna skal vera undir 30 ára aldri. Fellt því að það var hræðsla um að ekki tækist að fá það marga í nefndir á þeim aldri. Lagt til að það væri ekki skylda heldur hvatt til þess að reyna að fá yngri þátttakendur í nefndir.

Þýskaland fékk æskulýðsbikar á þinginu.

Fundi slitið 13:00

